



## Svar við tillögu

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

Efni:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lokun bensinstöðva, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. nóvember 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að lokun bensinstöðvarnar í Stóragerði verði frestað. Það hafa komið að máli við Flokk fólksins nokkrir aðilar sem hafa af því miklar áhyggjur að bensinstöðinni í Stóragerði loki. Í hverfinu búa margir aldraðir og fatlaðir sem vilja halda stöðinni vegna þess að þeir treysta á aðstoð og þjónustu sem þar er í boði. Einnig eru þarna stórir vinnustaðir og verslanir allt í kring sem nota þessa þjónustu.

Svar:

Bensinstöðin við Stóragerði stendur á rúmlega 2.000 m<sup>2</sup> lóð með 5 dælum fyrir 6 bifreiðar og er lóðin skilgreind verslunar- og þjónustulóð. Fyrir liggur samningur við eigendur stöðvarinnar að um tillögu að breyttri nýtingu lóðar og að núverandi mannvirki verði rifin og á henni verði reist 4-5 hæða hús, hugsanlega með atvinnuhúsnæði á hluta jarðhæðar eða án, en íbúðum í öðrum hlutum hússins. Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykktu húsnæðisáætlun fyrir Reykjavíkurborg, sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 6. júní 2017. Hugmyndir lóðarhafa gera ráð fyrir að á lóðinni verði blönduð byggð íbúða- og atvinnuhúsnæðis fyrir skrifstofur, verslun og þjónustu sem mun fyrst og fremst þjóna nærumhverfi stöðvarinnar og koma íbúum til góðs. Tiltölulega stutt er í næstu bensinstöð en N1 er með stóra stöð á Kringlumýrarbraut 100 sem er 2 km frá bensinstöðinni í Stóragerði og Orkan er með stöðvar sitthvoru megin við Miklubraut hjá Kringlunni þær eru rúmlega 1,5 km frá Stóragerði. Þjónusta við bíla er því enn til staðar í tiltölulega stutttri fjarlægð frá núverandi stöð og lokun hennar ætti því ekki að skerða verulega þjónustu við bifreiðaeigendur í nærumhverfi stöðvarinnar.

Björn Axelsson